

# ADALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 1999-2018

Breyting í mars 2015

Þverrun Reykjafjarðar og breytt landnotkun Reykjanesi

## Lýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

02. mars. 2015



**TEIKNISTOFA**  
**ARKITEKTA**  
GYLFI GUDJÓNSSON  
OG FELLAGAR ehf.  
arkitektar þái

## Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR/ YFIRLIT .....</b>	<b>3</b>
1.1. Aðdragandi og tilgangur skipulagssgerðar .....	3
1.2. Helstu viðfagsefni og meginmarkmið .....	4
1.2.1. Þverun Reykjaflarðar í Ísafjarðardjúpi .....	4
1.2.2. Svæði fyrir frístundabyggð í Reykjanesi .....	4
1.3. Umhverfi og staðhættir á skipulagssvæðinu .....	5
1.4. Helstu forsendur skipulagssgerðarinnar .....	6
1.5. Tengsl við aðra áætlanagerð .....	6
1.6. Áhrifamat áætlunarinnar .....	6
<b>2. KYNNING OG SAMRÁÐ .....</b>	<b>7</b>
2.1. Alment .....	7
2.2. Skipulags- og samráðsferli .....	7
2.3. Umsagnaraðilar .....	7
<b>3. ÁFANGAR OG TÍMAÁÆTLUN .....</b>	<b>7</b>
<b>4. SAMÞYKKT LÝSINGAR .....</b>	<b>8</b>

# 1. INNGANGUR/ YFIRLIT

Verkefnis lýsing þessi tekur til breytinga á aðalskipulagi Stúðavíkurhrepps 1999-2018.

Sveitarstjórn Stúðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum 23. 10. 2014. að gera breytingar á aðalskipulagi hreppsins sem varða eftirtalin atriði:

- Þverun Reykjafjarðar í Ísafjarðarjúpi
- Svæði fyrir frístundabyggð í Reykjanesi

Málmeðferð verður samkvæmt 1. mgr. 30.-32 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þ. e. veruleg breyting á aðalskipulagi.

Skipulagsferlið hefst með gerð þessarar lýsingar, verkáætlunar skipulagsáætlunarinnar.


## 30. gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.

1. mgr. „Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefnum þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirhugað stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaráðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.“

(Úr skipulagslögum nr. 123/2010).

Aðalskipulagsbreytingin verður sett fram á breytingarblaði í stærð A2 sem sýnir sveitarfélagsuppdrátt aðalskipulags í mkv. 1:50.000.

Greinargerð, stefna og skipulagsákvæði ásamt áhrifamati verða á uppdrætti.



Yfirlitsmynd. Aðalskipulag Stúðavíkurhrepps 1999-2018.

## 1.1. AÐDRAGANDI OG TILGANGUR SKIPULAGSGERÐAR

Um alllangt skeið hefur staðið til að þróa frístundabyggð í Reykjanesi. Unnin hefur verið tillaga að deliskipulagi fyrir Reykjanes ásamt lýsingu sem m. a. gerir ráð fyrir þremur svæðum fyrir frístundabyggð, samtals 18 lóðum sem samtals eru um 9 ha. Tillagan var auglýst en Skipulagsstofnun lagðist gegn samþykkt hennar. Eitt frístundahús er í Reykjanesi sem byggt

var 1934 sem íbúðarhús. Í gildandi aðalskipulagi Súðavíkurbrepps er svæði fyrir frístundabyggð merkt á uppdrætti með einu hringrákni í viðkomandi landnotkunarlit. Það er mat Skipulagsstofnunar að af þeirri merkingu á gildandi aðalskipulagssupprætti megi vart ráða það umfang frístundabyggðar og fjölda frístundahúsa sem skilgreint er í fyrrgreindri deiliskipulagshliðugu. Í annan stað var Aðalskipulagi Súðavíkurbrepps ekki breytt í tengslum við frakkvæmd nýrrar vegartengingnar yfir Reykjafjörð í Reykjanes á árunum 2006-2008. Skipulagsstofnun hefur því ekki fallist á að umrædd deiliskipulagstillaga verði samþykkt fyrir en gerð hefur verið breyting á aðalskipulagi Súðavíkurbrepps 1999-2018 sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 (veruleg breyting á aðalskipulagi).


## 1.2. HELSTU VIÐFAGSEFNI OG MEGINMARKMID

### 1.2.1. Þverun Reykjafjarðar í Ísafjarðardjúpi.

Í greinargerð gildandi aðalskipulags Súðavíkurbrepps sem staðfest var í desember 2002, kafla 3.7.1. Vega og gannakerfi er eftirfarandi málsgrein: *Hreppsnéfnad leggur til við Vegagerðina að kannad verði framföturvegarsvæði úr Reykjanesi yfir Reykjafjörð á Laufskálaveyri. Með því móti kemst Reykjanes í bjóðleið og þar með ferðaljómsvæðistaða, viðamikil mannvirki, jarðhiti og einstök náttúrufegurð. Hér er um hugmynd að ræða sem ekki er mörkuð stefna um i aðalskipulagi.* Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum (2003030081) um þverun Reykjafjarðar kemur fram að vegartengingin munni ekki hafa veruleg áhrif á sjávarföll, fjöru- og botndýralíf í Reykjafirði og að legan munni bæta umferðaröryggi. Skipulagsstofnun telur áhrif vegagerðar á gróður, fuglalíf og landslag út vestanvert Reykjanes og fyrir Reykjafjörð ásættanleg. Vegurinn var lagður á árunum 2006-2008 í samræmi við áætlanir Vegagerðarinnar og í framhaldi af úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum án þess að gerð væri breyting á aðalskipulagi Súðavíkurbrepps. Hann liggur frá Eyrarhlíð í vestanverðum Ísafirði, út Ísafjörð, um vestanvert Reykjanes og yfir Reykjafjörð um 60 m langa brú á Laufskálaveyri. Við færslu þjóðvegarnis, frá austanverðu nesinu yfir á það vestanvert, jukust útivistarmöguleikar á því svæði sem hefur hvað

fjölskrúðugustu nátturu. Gamli vegurinn nýttist nú sem reið- og gönguleið og til fugla- og selaskoðunar.

Með breytingu þessari er þverun Reykjafjarðar í Ísafjarðardjúpi færð inn á aðalskipulagssupprætt og formfest sem veruleg breyting á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vegartengingin er í samræmi við fyrrgreinda framtíðarsýn í gildandi aðalskipulagi og matstærlið varðandi þá frakkvæmd fyrir löngu afsaðið og samþykkt af hlutaðeigandi aðilum.



GREINING A AÐALSKIPULAGI TILLAGA

*Reykjanes og þverun Reykjafjarðar. Tillaga í vinnslu*

### 1.2.2. Svæði fyrir frístundabyggð í Reykjanesi

Í greinargerð gildandi aðalskipulags Súðavíkurbrepps sem staðfest var í desember 2002, kafla 3.6.2 er sett fram sú stefnumörkun um frístundabyggð að takmarka beri hana við fá en afmörkuð svæði. Eftirfarandi skuli haft að leiðarljósi við skipulag frístundabyggðar í

hreppnum: *Að lágmarka áhrif á náttúruna, að varðveita sem best landslag og ásýnd svæðisins, að laga byggingar að landslagi og byggð. Víða í hreppnum eru aðstæður djúðósmlegar fyrir frístundabyggð. Í því sambandi hefur sveitarstjórn einkum augastað á tilteknum svæðum, þ. á. m. Reykjanesi. Á skipulagsuppdrætti gildandi aðalskipulags Súðavíkurhrepps er mörkuð stefna um frístundabyggð í Reykjanesi. Þeirri stefnumótun er ekki fylgt eftir á skýran hátt í greinargerð með skipulaginu. Með aðalskipulagsbreytingu þessari verður stefnumörkun um frístundabyggð í Reykjanesi útfærð nánar í samræmi við þau sjónarmið sveitarstjórnar sem fram komu í greinargerð gildandi aðalskipulags.*

Kaflí 3.6.2. Viðbót við upptalningu svæða fyrir frístundabyggð sem mörkuð er stefna um í aðalskipulagi:

Reykjanes við Djúp. Frístundabyggð á þrennur svæðum, samtals um 9 ha. Skilgreind eru þrjú svæði fyrir frístundabyggð í Reykjanesi vestanverðu samtals um 9 ha (1,7 ha, 2,9 ha og 4,6 ha, talið frá norðri til suðurs). Samtals er um að ræða 18 löðir. Löðastærðir eru 2.160 m<sup>2</sup>-7.700 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall á löðum (N): 0,014-0,035.

Þar sem aðalskipulagsuppdrátturinn er í m. 1:50.000 er ógerlegt að áfmörka svo lítil svæði á uppdrætti. Þau verða því merkt á uppdrátt með hringtáknnum með lit landnotkunar, þ. e. með einu hringtákninu fyrir hvert svæði. Eins og fram hefur komið er nú eitt frístundahús í Reykjanesi sem reist var 1934.

Í deiliskipulaginu „Reykjanes við Djúp“ verður nánar og ítarlegar gerð grein fyrir uppbyggingu á svæðum fyrir frístundabyggð í Reykjanesi.

### 1.3. UMHVERFI OG STAÐHÆTTIR Á SKIPLAGSSVÆÐINU

Svæðin fyrir frístundabyggð eru á hluta jarðarinnar Reykjanes sem liggur innst í Ísafjarðardjúpi á milli fjarðanna Reykjafljórar og Ísafjarðar. Nesið er langt og mjótt og nokkuð láglent, en það er hæst um 30 m yfir sjávarmáli. Það er innan við 200 m breitt þar sem það er mjóst en mesta breidd þess er um 800 m. Nesið er rúmur 3 km. á lengd. Strandlengja jarðarinnar er því hlutfallslega löng eða vel á niunda km en öll jörðin er um 166 ha lands. Svæðið einkennist af klettarönum með hálfgrónum

lyngmóum og mosabembum en á milli þeirra eru fjölbreyttir volendispollar. Landið þornar verulega að sumrinu enda vatnsmiðlun eingöngu frá úrkomu og svæðið er snjólétt.

Reykjanes er á náttúruningjaskrá (1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf. Í Reykjanesi eru allmargar byggingar frá fyrri tíð sem ásamt jarðhita og óvenjulegri náttúrufergum gefa mikla möguleika í ferðaþjónustu. Í aðalskipulagi Súðavíkurhrepps er skilgreind fjölbreytt landnotkun í Reykjanesi. Þar má nefna athafnasvæði, þar sem einkum er horft til vistvænnar starfsemi sem notar jarðhita svo sem gróðurhúsaræktun eða annars léts iðnaður. Þar er einnig skilgreint verslunar- og þjónustusvæði en vegartengingin yfir Reykjafljórið í Reykjanes og flugvöllur með 700 m flugbraut í Reykjanesi eru mikilvægir liðir í því að efla ferðaþjónustu á svæðinu. Þar er einnig skilgreint fjaldsvæði og íþróttasvæði í góðum tengslum við fyrrum skólamannvirki sem hin síðari ár eru óðum að fá nýtt hlutverk í tengslum við vaxandi ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi. Sundhús sem upphaflega var reist 1898 í Reykjanesi er fiðað samkv. 29. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Tæknideild Ísafjarðar vann húsakönnun í Reykjanesi 2013. Könnuð voru 17 hús, en 10 þeirra voru metin hafa mikið varðveislu-og/eða menningarsögulegt gildi.

Náttúrustofa Vestfjarða vann fornleifakönnun í Reykjanesi 2013. Alls voru skráð 39 minjarnúmer en mörg þeirra eru aðeins heimildir um mínjar. Í skýrslu fornleifafæðingsins kemur fram að svæðið sé afar merkilegt s.s. vegna saltvinnslunnar á 18. öld. Flestar mínjar um þá vinnslu skemmdust þegar skólahús og sundlaug voru byggð í Reykjanesi á fjórða áratug 20. aldar. Skráðar mínjar eru hvorki í hinu nýja vegstæði Djúpvægar um Reykjanes né á fyrrihuguðum svæðum fyrir frístundabyggð í Reykjanesi.

Reykjanes er utan líklegra hættusvæða vegna ofaftóða, en skipulagssvæðið er láglandi við sjó og töluverð óvissa er um hversu mikið sjávarborð muni hækka á öldinni.

Neysluvahn í Reykjanesi er fengið úr vatnsbóli í landi Reykjafjarðar og leitt yfir fjöriðinn í pípu sem lá á botni hans en liggur nú í vegartyllingunni. Komioð hafna fram efasemdir um að þetta vatnsbóli gefi nægjanlegt vatnsmagn þegar fyrirhuguð frístundabyggð hefur risið. Auk þess hafna landeigendur Reykjafjarðar verið mótfallnir því að leyfa flekari vatnstöku úr vatnsbóli sínu. Landeiganda Reykjáaness, Ísafjarðarbæ, er þetta ástand ljóst og hefur gefið það út að hann muni standa undir kostnaði vegna öflunar neysluvahns fyrir Reykjáanes, hvort sem það verður úr vatnsbóli Reykjafjarðar eða annars staðar.

#### 1.4. HELSTU FORSENDUR SKIPULAGSGGERÐARINNAR

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps vill styrkja fjölbætta ferðþjónustu í Reykjanesi. Milkli vægur liður í því er sú samgöngubót sem framkvæmd var á árunum 2006-2008 með lagningu Djúpvægar yfir Reykjafjörð. Áform um aukna frístundabyggð á Nesinu rennir enn flekari stöðum undir ferðþjónustu á svæðinu þar sem aðstæður allar eru hinar ákjósanlegustu frá náttúrunnar hendi.

Að öðru leyti vísast til fyrirgreindrar stefnumörkunar í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018:

- Að efla ferðþjónustu í hreppnum.
- Að leita nýrra leiða í landbúnaðarframleiðslu í hreppnum.
- Gert er ráð fyrir þjónustustarfsemi í þágu ferðamanna í Reykjanesi.
- Gert er ráð fyrir fjaldsvæði í Reykjanesi.
- Við skipulag frístundabyggyðar í hreppnum skal hafá effirfarandi sjónarmið að leiðarljósi:
  - Að lánmarka áhrif á náttúruna.
  - Að varðveita sem best landslag og ásynd svæðisins
  - Að laga byggingar að landslagi og byggyð.

#### 1.5. TENGLS VIB AÐRA ÁÆTLANAGGERD

Eins og fram hefur komioð er aðalskipulagsþreytingin tvíþætt, annars vegar vegartenging yfir Reykjafjörð í Reykjanes. Sú framkvæmd fór fram á árunum 2006-2008 og er því í samræmi við samgönguáætlanir á svæðinu. Með formfestingu þeirrar þreytingar verður vegartengingin í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins.

Hins vegar er um að ræða aukningu á frístundabyggyð í Reykjanesi en sú þreyting er í samræmi við áform sveitarstjórnar um eflingu ferðþjónustu í Reykjanesi og fyrirgreind markmið sama eðlis í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

#### 1.6. ÁHRIFAMAT ÁÆTLUNARINNAR

Vegartengingin yfir Reykjafjörð í Reykjanes var hluti af stærri framkvæmd eða allt að 28 km. vegarkafna Djúpvægar frá Eyrarhlíð við Ísafjörð um vestanvert Reykjanes, yfir Reykjafjörð, Vatnsfjarðaráls og Mjóáfjörð um Hríúey og Hörtná í Súðavíkurhreppi. Matsferlið fór fram í aðdraganda vegarlagingarinnar 2006-2008 sem endaði með því að

Skipulagsstofnun féllst á framkvæmdina með tilteknum skilyrðum og er því fyrir löngu afstaðið enda þótt aðalskipulagi sveitarfélagsins hafi ekki verið þreytt á þeim tíma.

Í aðalskipulagsþreytingunni verða metin áhrif þess að auka frístundabyggyð í Reykjanesi, einkum n. t. t. þess að um er að ræða svæði á náttúrunumjaskrá og á svæðinu eru skráður talsverður fjöldi fornleifa.

Ekkert bendir þó til þess að hin aukna frístundabyggyð gangi yfir minjastaði.

Aðalskipulagsþreytingin sem varðar svæði fyrir frístundabyggyð í Reykjanesi felur ekki í sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum 1 a eða b í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og fellur sú skipulagsþreyting því ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Þótt ákvæði laganna eigi ekki við, verða í aðal- skipulagsþreytingunni helstu matsþættir metnar út frá þeim viðmiðum, sem helst eru talin skippta máli miðað við stefnu sveitarstjórnar, annarra

yfirvalda og markmiða laga. Verklagi umhverfismats áætlana verður þannig beitt við ákvarðanatöku og afgreiðslu sveitarstjórnar.

Í aðalskipulagsáætluninni verður lagt mat á breytingu á landnotkun úr frá eftirtöldum matsþáttum:

- Náttúrufar, verndarsvæði, fornminjar.
- Byggðáþróun, byggðarmynstur, yfirþragð byggðar.
- Auðlindir, vatn, jarðefni, landbúnaðarland
- Hagkvæmni, þjónustukerfi, rekstur.
- Samgöngur, umferðaröryggi.
- Efnahagur, atvinnulíf, mannföldi.
- Stefna/markmið bæjarstjórnar og ríkis.

## 2. KYNNING OG SAMRÁÐ

### 2.1. ALMENN T

Í skipulagslögum nr. 123/2010, gr. 30, 31, og 32, er kveðið á um kynningar og samráð við íbúa, umsagnaráðila og aðra hagsmunaaðila á hinum ýmsu stigum skipulagsferlisins.

### 2.2. SKIPULAGS- OG SAMRÁÐSFERLI

#### Kynning verkefnislýsingar

Lýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaradílum. Hún verður einnig kynnt almenningi (íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum) með auglýsingum og framlagningu á heimasíðu sveitarfélagsins og á skrifstofu Súðavíkurepps. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum.

#### Kynning tillögu að aðalskipulagsbreytingu

Tillaga, forsendur og áhrifamat verða kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins eða/og opnu húsi sem auglýst verður með áberandi hætti áður en sveitarstjórn afgreiðir skipulagstillöguna til auglýsingar. Tillöguögnin verða jafnframt kynnt aðilgjafi sveitarfélögunum (Isafjarðarbæ og Strandabyggð) og umsagnaradílum. Verður þeim sent bréf með tilvísun í vefsíðu þar sem gögnin verður að finna.

#### Afgreiðsla í sveitarstjórn

Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018 – Breyting mars 2015 - Þverun Reykjálfjarðar og breytt landnotkun í Reykjanesi  
Lýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar

Eftir að skipulagstillagan hefur verið samþykkt til lögfornlegrar auglýsingar í sveitarstjórn verður hún send til Skipulagsstofnunar til athugunar.

#### Auglýsing aðalskipulagstillögu

Sveitarstjórn skal auglýsa tillöguna með áberandi hætti svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtinga- blaðinu. Tillagan skal liggja frammi í sex vikur hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu Súðavíkurhrepps eða öðrum opinberum stað og vera auk þess aðgengileg á netinu.

#### Afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags

Tekin verður afstaða til allra athugasemda sem kunna að berast og metið hvort breyta skuli tillögu vegna þeirra. Umsagnir/svör skipulags- og byggingarnefndar verða send þeim sem athugasemdir gerðu og niðurstaða sveitarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins verður auglýst.

### 2.3. UMSAGNARADILAR

Lýsingin verður send eftirtöldum umsagnaradílum og verður þeim gefinn tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Isavia
- Heilbrigðisefirlit Vestfjarða

### 3. ÁFANGAR OG TÍMAÁÆTLUN

Gerð verkefnislýsingar, umfjöllun og afgreiðsla í skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn Súðavíkur- hrepps: Febrúar/mars 2015.

Kynning verkefnislýsingar (Skipulagsstofnun, umsagnaradilar, hagsmunaaðilar, almenningur): Mars 2015

Gerð aðalskipulagsbreytingar,

umföllum og afgreiðsla í  
skipulags- og byggingarnefnd  
Súðavíkurbrepps:

Mars/apríl 2015

Kynning tillögu að  
aðalskipulagsbreytingu:

Apríl 2015

Afgreiðsla í  
sveitarstjórn Súðavíkurbrepps:

Apríl/maí 2015

Auglýsing tillögu að  
aðalskipulagsbreytingu:

Maí 2015

Afgreiðsla og gildistraka  
aðalskipulagsbreytingar:

Júlí 2015

#### 4. SAMÞYKKT LÝSINGAR

Lýsing þessi, sem er í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var  
samþykkt í sveitarstjórn Súðavíkurbrepps þann 5. mars 2015